

## **1. fundur stjórnar AP, starfsárið 2014-2015**

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík mánudaginn 7. júlí 2014 kl. 10:00.

Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Arnar Guðmundsson, Haraldur Bóasson, Sif Jóhannesdóttir og Yngvi Ragnar Kristjánsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

### **1. Verkaskipting stjórnar**

Fram kom tillaga um Sif Jóhannesdóttur sem formann, Yngva Ragnar Kristjánsson sem varaformann og Harald Bóasson sem ritara. Aðrar tillögur komu ekki fram og voru þau því sjálfkjörin.

### **2. Samningur við Eyþing vegna framkvæmdar vaxtarsamnings 2014**

Fyrir fundinum lá samningur Eyþings við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið um vaxtarsamningsfjármuni dags. 12. maí 2014 og drög að samningi milli Eyþings og AP um framkvæmd Vaxtarsamnings Norðausturlands 2014. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir megin atriðum viðkomandi samninga en um það er að ræða að félagið taki að sér framkvæmd vaxtarsamnings fyrir yfirstandandi ár með sama hætti og var á gildistíma fyrri samnings 2012-2013.

Í umræðu kom fram að stjórnarmenn telja mikilvægt að áfram verði í gildi sérstakur vaxtarsamningur fyrir starfssvæði AP þannig að tryggja megi nauðsynlegan stuðning við nýsköpunarstarf á svæðinu öllu.

Að yfirferð lokinni samþykkti stjórn að heimila framkvæmdastjóra að skrifa undir samninginn f.h. félagsins.

### **3. Önnur mál**

Farið yfir praktísk atriði varðandi störf stjórnar:

- Grein gerð fyrir samþykkt aðalfundar vegna þóknun fyrir stjórnarsetu.
- Samþykkt að greiða fyrir akstur á stjórnarfundi skv. aksturstafta ríkisins.
- Rætt um fjölda funda og heppilegan fundartíma og samþykkt að stefna að því að hafa stjórnarfundi kl. 15:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00